

REGLUGERÐ

172

28. okt.

um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum.

I. Hafnargjald.

1. gr.

Öll skip, sem eru 12 nettórúmllestir eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, varðskip, björgunarskip og skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 200 smál.

II. Lestagjald.

2. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar í höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

- a. Öll skip, sem til hafnarinnar koma og eru fest við bólvirki eða bryggju, að undanskildum herskipum, skemmtiferðaskipum, varðskipum, björgunarskipum og skipum, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skulu greiða 40 aura fyrir hverja nettó smálest. Skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þó þau komi oftár til hafnar.
- b. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

III. Bryggjugjald.

3. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 25 krónur.

Ef farmskip liggur utan á öðru skipi og bíður eftir ferningu eða affermingu, skal það greiða hálf gjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

IV. Festargjald.

4. gr.

Skip og bátar, sem nota festar hafnarinnar, skulu greiða 10 aura af hverri nettólest af burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

172

28. okt.

V. Kjölfestugjald.

5. gr.

Ef skip tekur kjölfestu í höfninni, skal það greiða 20 aura af hverri nettó-smálest, en 10 aura af hverri smálest, ef það skipar upp kjölfestu.

VI. Ljósagjald.

6. gr.

Skip, sem halda til í höfninni, eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 smálestir brúttó, skulu greiða ljósagjald, 10 krónur misserislega. Gjaldldagi er 2. janúar og 1. júlí árlega.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, 4 krónur fyrir fyrstu 50 nettó tonninn og 4 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir, þó aldrei minna en 5 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a-lið hér á undan.

VII. Vatnsgjald.

7. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hverja smálest, sem hafnarstjórn ákveður.

VIII. Gjaldskrá fyrir íslensk fiskiskip.

8. gr.

- a. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju eða utan á öðrum bátum eða skipum

Pilfarsbátar og skip allt að	15	brúttó smálestir	kr.	3.00
— — — — —	15— 30	— —	—	4.50
— — — — —	30— 50	— —	—	7.00
— — — — —	50— 70	— —	—	10.00
— — — — —	70— 90	— —	—	12.50
— — — — —	90—120	— —	—	15.00
— — — — —	120—160	— —	—	17.50
— — — — —	160—200	— —	—	20.00

- b. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju, eða utan á öðrum bátum eða skipum.

Pilfarsbátar og skip allt að	15	brúttó smálestir	kr.	4.50
— — — — —	15— 30	— —	—	7.00
— — — — —	30— 50	— —	—	9.50
— — — — —	50— 70	— —	—	12.50
— — — — —	70— 90	— —	—	15.00
— — — — —	90—120	— —	—	17.50
— — — — —	120—160	— —	—	20.00
— — — — —	160—200	— —	—	25.00

IX. Hafnsaga og hafnsögugjald.

172

28. okt.

9. gr.

Sérhvert skip, sem hafnar ætlar að leita í landshöfninni og nota þarf hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði því við komið, og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu út af Vatnsnesi. Visar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

10. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og hafna sig í höfninni. Komi sama skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemntiferðaskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

11. gr.

Ef sjódómur er á skipinu eða ástæða til að ætla, að sóthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

13. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

14. gr.

Ekkert skip, sem stærra er en 200 rúmlestir, má fara að né frá hafnarmannvirkjunum, nema hafnsögumaður landshafnarinnar sé á skipi. Þó getur hafnarstjóri veitt undanþágu frá þessu undir vissum kringumstæðum. Greiðir þá hlutaðeigandi $\frac{1}{3}$ hafnsögugjalds.

15. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu að bólvirki eða bryggju, 30 aurar fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei minna en 45 krónur.
- b. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða bryggju, greiðist hálf gjald, þó aldrei minna en 30 krónur.
- c. Fyrir leiðsögu á legustað (akkerispláss) kr. 30.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 smálestir nettó, og 6 aura að auki fyrir hverja nettó smálest fram yfir 100.

172

28. okt.

X. Vörugjald.

16. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

17. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarra hafna, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

18. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi í skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Hálf vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarra hafna innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands, og eru fluttar í önnur skip.

19. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin notkunar. En hálf vörugjald greiðist af kolum, salti og ís til erlendra fiski- eða vöruflutningaskipa, þótt það sé til eigin afnota.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.
- c. Vörur og tæki til landshafnargerðarinnar.

20. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá viðkomandi skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við þetta.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

21. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 20 auru.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

22. gr.

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnþipur, kaðlar, kitti, kritt,

- litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sódi, togleður, þakjárn, þak- 172
pappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur, slægður og óslægður. (Gjald þetta af fiski 28. okt.
greiðist aðeins, þegar honum er skipað út.)
2. flokkur. Gjald 40 aurar hver 100 kg:
Benzín og hvers kyns brennsluolía, áburðarolía, baðlyf, feiti, fernisolía, fiskilínur, kol, salt, óverkaður saltfiskur, fiski- og sildarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leirvörur, línoleum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tjara, tvistur og vaxdúkar.
3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og harðfiskur.
4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:
Lýsi, þurr saltfiskur.
5. flokkur. Gjald 80 aurar hver 100 kg:
Ávextir nýir, þurkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakao, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörliki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.
6. flokkur. Gjald 120 aurar hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.
7. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:
Aðrar vörur sem reiknast eftir þyngd.
8. flokkur. Gjald 650 aurar fyrir hvern teningsmetra:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
9. flokkur.
Timbur 12.00 krónur fyrir hvern standard.
Tómar síldartunnur 15 aurar fyrir hverja tunnu.
Tómar stáltunnur og tóm lýsisföt 20 aurar fyrir hvert stykki.
10. flokkur.
Síld og hrogn í tunnum, 55 aurar fyrir hverja tunnu.
Fiskflöt í síldartunnum, 75 aurar fyrir hverja tunnu.
Saltfullar síldartunnur, 75 aurar fyrir hverja tunnu.
Frosin beitúsíld, 25 aurar hver 100 kg.
11. flokkur. Gjald 4 krónur fyrir hvern grip:
Hross, nautgripir og svín.
12. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hverja sauðkind eða geit.
13. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 600 kg:
Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem er skipað upp í höfninni. Enn fremur 15 aurar fyrir hver 100 kg af nýrri síld, sem skipað er upp í höfninni.

XI. Lóðir og geymsluhús m. m.

23. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 4 aura fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi, eftir að affermingu er lokið.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

172

28. okt.

24. gr.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar skal greiða 10 aura fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

25. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

XII. Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

26. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

27. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

28. gr.

Vörugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 23. og 24. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

29. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

30. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

31. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um bætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af

fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess 172
 hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni 28. okt.
 ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.
 Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

35. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

36. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin reglugerðarákvæði um hafnargjöld fyrir Keflavíkurkaupþún frá 22. janúar 1942, 11. maí 1942 og 30. sept. 1944.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvölinn í Keflavík, nr. 89 24. marz 1947.

173

31. okt.

Í stað „kr. 2.00“ í lið 6. Lóðarleiga, komi: kr. 0.50.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.